

1866.

29. sept.

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun handa Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni.

Í bréfi dagsettu 4. júnímán. þ. á. hafið þér, herra amtmáður, skýrt frá, að Eggert Gunnarsson, umboðsmaður yfir norðurhluta Múkaþverár klausturs, hafi í fyrra sumar eptir skipun amtsins farið austur í þingeyjar sýslu, útaf ymsum landa- og rekaþrætum millum nokkurra af jörðum umboðsins og ýmissa jarðeigenda, og að umboðsmanninum hafi tekizt að koma sættum á um allar þessar þrætur, þannig, að málspartarnir, sem á móti voru, létu af öllu tilkalli til jarðaskika þeirra og rekaparta, sem úgreiningurinn var um. Vegna þess hafið þér beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til, að þér hafið leyft Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni að tilgreina meðal gjaldanna í umboðsreikningi hans, fyrir reikningsárið sem leið, 38 rd., sem eru upphæð reiknings frá honum yfir ferðakostnað hans og fæðispeninga.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í rentukammerbréfi 19. júnímán. 1846, ekki getur veitt samþykki það, sem þér hafið beiðið um, nema að því er snertir næstsíðasta lið reikningsins (3 rd., borgun til áreiðarmanna), en aptur á móti hefir stjórnarráðið eptir málavöxtum ekkert að því að finna, að umboðsmanninum sé veittir 25 rd. í auka-þóknun fyrir dugnað þann, sem hann hefir sýnt í þessu efni, og að þeir sé tilfærðir meðal gjaldanna í umboðsreikningi hans.

2. október.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um altaristöflur handa nokkrum kirkjum, sem eru konungseign.

Útaf því, að umboðsmaðurinn yfir Kirkjubæjar- og Þykkva-
bæjarklausturs jörðum hefir skýrt frá, að það vanti altaristöflur